



SPURNINGAR TIL ÍHUGUNAR

Kynþættir, þjóðerni, og menning

Hrekkjavökubúningar

Margir hafa gaman af hrekkjavökunni og er hún tækifæri til að klæða sig í skemmtilega búninga. Hluti þess að búa til öruggt umhverfi fyrir skólabörn, öll skólabörn, er að að koma í veg fyrir að krakkar klæði sig í búninga sem vísa í annan kynþátt, uppruna eða menningu. Menning og kynþáttur er ekki búningur til klæða sig í.

Þetta þýðir ekki að fólk megi ekki klæða sig í hefðbundinn fatnað annars menningarheims, heldur að fólk þurfi að sýna því skilning að klæðnaður/búningur getur tengst trúarbrögðum og/eða átt sér sérstaka sögu. Það er nauðsynlegt að sýna því skilning að slíkir búningar eru síður viðeigandi en aðrir og rétt að kynna sér sögu búningsins hverju sinni.

Að neðan eru nokkrar spurningar sem gott er að hafa í huga þegar búningur fyrir hrekkjavökuna er valinn:

1. Byggir búningurinn á kynþætti, uppruna eða menningu annarra?

Ef svo er, þá er líklegra en ekki að búningurinn móðgi og skapi vanlíðan hjá þeim sem eru af þeim kynþætti, uppruna eða menningu sem búningnum er ætlað að sýna. Ef það má ekki ráða beint af búningnum sjálfum, þá er nafn búningsins oft ágæt vísbending um að hann byggi á staðalímynd, sem dæmi má nefna: „Hey amigo, Geisha, trúarbrögð eins og múslima black face“ o.s.frv.

2. Tilheyrir barnið þitt þeim menningarhópi sem búningnum er ætlað að sýna?

Ef ekki, þá er gott að spyrja sig hvað það þýðir að fá uppruna eða menningu annarra „lánaðan“ yfir daginn. Hafið í huga að fyrir marga er þetta ekki búningur heldur sjálfsmýnd þeirra.

3. Ef búningurinn á að vera sniðugur (fyndinn), af hverju er hann fyndinn?

Ef búningurinn telst sniðugur af því að hann byggir á staðalímynd kynþátta eða uppruna annarra, þá er búningurinn líklega skopmynd eða afbökun og særandi fyrir þá kynþætti og fólk af þeim uppruna sem á er byggt.

4. Hvernig myndi fólk líða ef kæmir inn í hóp fólks af tilteknum kynþætti, uppruna eða menningu í slíkum búningi?

Hvernig myndi frumbyggjum í Ameríku líða ef barn kæmi í heimsókn til þeirra í „indíána“ búningi? Hvernig myndu þau bregðast við? Myndir þú fara í búning tengdum trúarbrögðum eins og múslima?

Ef að slíkur búningur þætti móðgandi í hversdagslegum erindum, þá er hann móðgandi á hrekkjavöku.

<https://littlekotoscloset.wixsite.com/mysite/post/updated-no-cultural-appropriation-at-halloween-school-fliers>

